



Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Sölvhóls götu 4
101 Reykjavík

Reykjavík 7. júní 2021

Efni: Þörf á aðgerðum til að styðja aðila skólasamfélagsins við meðferð eineltismála

Embætti umboðsmanns barna hafa borist margar ábendingar og fyrirspurnir er varða einelti í grunnskólum og erfið samskiptamál sem hafa komið upp í kjölfar slíkra mála. Af þeirri ástæðu boðaði embættið til fundar, þann 19. apríl sl., með fulltrúum frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Grunni, félagi fræðslustjóra og stjórnenda skólaskrifstofa, fagraði eineltismála í grunn- og framhaldsskólum og Kennarasambandi Íslands. Einnig átti umboðsmaður fund um sama málefni með fulltrúum Heimils og skóla þann 29. apríl sl.

Var það samdóma álit fundargesta að þörf væri á frekari úrræðum til þess að aðstoða sveitarfélög, skóla, foreldra og nemendur í þessum tilfellum. Voru aðilar jafnframt sammála um að þörf sé á aðkomu hlutlauss aðila sem gætir hagsmuna barnsins og getur haft aðkomu að þessum málum á frumstigum þeirra.

Með tilkomu fagráðs eineltismála var stigið mikilvægt skref hvað varðar meðferð eineltismála. Fagráðið hefur það hlutverk að veita skólasamfélaginu stuðning vegna eineltismála með almennri ráðgjöf, leiðbeiningum og upplýsingagjöf. Fagráðið veitir eingöngu ráðgefandi álit ef ekki hefur tekist að finna fullnægjandi lausn á eineltismálum innan skóla eða sveitarfélags eða vegna meints aðgerðaleyfis sömu aðila. Sú staðreynd að fagráðið hefur aðeins formlega aðkomu að málum þegar fullnægjandi lausn hefur ekki fengist gerir það að verkum að ráðið kemur að málum seint í ferli þeirra, oft þegar mikill þungi er kominn í mál eða þeim er jafnvel formlega lokið. Þó svo að ráðgefandi álit fagráðsins geti veitt skólum mikilvægar leiðbeiningar um meðferð sambærilegra mála í framtíðinni, eru þau eðli málsins samkvæmt, sjaldan til þess fallin að stuðla að farsælli lausn málsins, þegar þau loks berast.

Það er mikilvægt að börn geti á fyrstu stigum máls leitað til hlutlauss aðila sem hefur það hlutverk að gæta hagsmuna þeirra þegar eineltismál koma upp innan skóla. Það getur einnig stuðlað að því að fyrirbyggja erfið samskipti milli barna og/eða foreldra þeirra annars vegar og starfsfólks og/eða stjórnenda skóla hins vegar. Hinn hlutlausi aðili myndi m.a. stuðla að því að mál séu strax tekin til meðferðar á viðeigandi hátt, sem er til þess fallið að fyrirbyggja samskiptavanda milli aðila máls en algengt er að slíkur vandi myndist milli skóla og foreldra og á þá oft rætur sínar að rekja til óánægju foreldra með fyrstu viðbrögð skóla.

Greinargerð með fyrirbyggjandi frumvarpi mennta- og menningarmálaráðherra um breytingu á lögum er varða fagrád eineltismála felur ekki í sér breytingar á þjónustu við þá einstaklinga sem í hlut eiga og mun því ekki leiða til þess að bæta umgjörð um eineltismál. Fullt tilefni er því til þess að ráðast í frekari breytingar með það að markmiði að efla starfsemi fagráðs eineltismála, þá einkum ráðgefandi hlutverk þess. Í ársskýrslu fagráðsins fyrir árið 2020 kemur fram að núverandi umgjörð hamli því að fagráðið geti unnið að eineltismálum með þeim hætti sem nauðsynlegt sé. Er þar m. a. vísað til þess að þörf sé á því að meðlimir fagráðsins séu í fullu starfshlutfalli en með þeim hætti geti fagráðið sinnt því hlutverki sem því sé ætlað og auk þess eflt það starf er snýr að ráðgjöf og fræðslu í forvarnarskyni til skólasamfélagsins. Það er til að mynda mikilvægt að skólar fái frekari stuðning við gerð eineltisáætlana en algengt er að skólar leiti til fagráðsins með slíkar beiðnir. Það er aðkallandi að brugðist verði við þessu ákalli fagráðsins og tryggt verði að það geti gengt hlutverki sínu með fullnægjandi hætti.

Með vísan til framangreinds er lagt til að mennta- og menningarmálaráðherra taki verklag við úrlausn eineltismála til gagngerrar endurskoðunar í samstarfi við undirritaða hagsmunaaðila. Áhersla verði lögð á að flýta og bæta meðferð við úrlausn eineltismála og gæta hagsmuna þeirra

barna sem í hlut eiga, með því að tryggja aðgengi að hlutlausum aðila sem komi að meðferð mála á fyrstu stigum. Þá verði einnig komið á aðgerðum sem miða að því að styðja við barnið innan skólans eftir að eineltismál eða erfið samskiptamál hafa komið upp og meðferð þeirra er lokið, til að tryggja velferð barnsins og farsæla skólagöngu þess.


Virðingarfyllst,



Salvör Nordal, umboðsmaður barna



Þorsteinn Sæberg, formaður
Skólastjórafélags Íslands



Karl Björnsson, framkvæmdastjóri
Sambands íslenskra sveitarfélaga



Arnar Ævarsson, framkvæmdarstjóri
Heimilis og skóla



Ríkey Sigurbjörnsdóttir, fulltrúi Grunns,
félags fræðslustjóra og stjórnenda
skólaskrifstofa



Þorgerður Laufey Diðriksdóttir, formaður
Félags grunnskólakennara